

FORSTÖÐUMAÐUR FRÍSTUNDASTARFS BARNA OG UNGLINGA Í ÞORLÁKSHÖFN



Í starfinu felst eftirfarandi:

- Stýra starfi í Frístundaheimili Grunnskólans. Í Frístund er þjónusta fyrir börn í 1. – 4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Hlutverk frístundaheimilis er að bjóða uppá skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og skipulögðu starfi.
- Stýra starfi í Félagsmiðstöðinni Svítunni. Í félagsmiðstöðinni er boðið upp á félagsstarf fyrir börn og unglunga á aldrinum 12 – 16 ára í frítíma þeirra. Lögð er áhersla á að ná til sem flestra og bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni.
- Umsjón með Sumarfrístund. Á sumrin er boðið upp á heils- og hálf dags námskeið fyrir 6 – 9 ára börn þar sem áhersla er lögð á hreyfingu, sköpun og útiveru.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Reynsla af starfi með börnum og/eða unglingum skilyrði.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt framúrskarandi samskiptahæfni skilyrði.

Almenn tölvukunnátta skilyrði. Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur Sveitarfélagsins. Laun eru greidd skv. kjarasamningi FOSS eða BHM.

Frekari upplýsingar um starfið veita Ólína Þorleifsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn í síma 861-1732, olina@olfus.is og Ragnar Matthías Sigurðsson, íþrótt- og tómstundafulltrúi í síma 863- 9690, ragnar@olfus.is.

Umsóknum skal skilað rafrænt á heimasíðu Ölfuss www.olfus.is fyrir 12. febrúar 2021.

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. maí næstkomandi.

Sveitarfélagið Ölfus er framsækið sveitarfélag og leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Þá er leitast við að auka möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Öllum umsóknum verður svarað.

